



skoðun 10



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt
Fasteignir.is



Opið í dag frá 10:10 til 22:10

Debenhams 10 ára

Skoðið afmælistilboð í blaðinu

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKAPUR



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
10. október 2011
236. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011

NEST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt gæðmálakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011



Verslun með sögu

Bókabúð Máls og menningar hefur verið á Laugavegi 18 í fimmtíu ár.

tímamót 16

Túristi í eigin landi

Jón Gunnar Geirdal tekur tónlistarhátíðina Iceland Airwaves með trompi.

fólk 26




Meistararnir féllu

Grindavík og KR unnu í gær ríkjandi Íslands- og bikarmeistara í Meistarakeppni KKÍ.


sport 22

veðrið í dag



ÉL N-TIL Í dag verður nokkuð bjart S-lands en skýjað að mestu N-til og eljagangur þar. 10-15 m/s NA- og A-til en annars hægari.

VEÐUR 4



Frábær afmælistilboð fyrir alla fjölskylduna

Rektor HR býst við meira fé

Gæði og árangur á að stjórna fjárveitingum, segir rektor Háskólans í Reykjavík, sem væntir aukinna framlaga til háskólastarfs í landinu almennt. Stjórnvöld ætla að leggja 1,5 milljarða króna í afmælistjóð HÍ.

MENNTAMÁL Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, gerir ráð fyrir því að stefna stjórnvalda sé sú að háskólastarf á Íslandi standi ekki höllum fæti gagnvart samanburðarlöndum innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og fleiri skól- ar en Háskóli Íslands muni því njóta aukinna fjárveitinga frá því sem nú er. Hann fagnar stofnun Aldarafmælistjóðs Háskóla Íslands og að stjórnvöld viðurkenni mikilvægi háskóla- starfs með þeim hætti. „Ég vænti því þess að framhald verði á því að auka framlög til alls háskólastarfs í landinu. Þetta verður bara að vera fyrsta skrefið.“

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tilkynnti um helgina að stjórnvöld hygðust leggja 1,5 milljarða króna í Aldarafmælistjóð Háskóla Íslands fram til ársins 2014. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, sagði af

Ég vænti því þess að framhald verði á því að auka framlög til alls háskólastarfs í landinu. Þetta verður bara að vera fyrsta skrefið.

ARI KRISTINN JÓNSSON,
REKTOR HR

Þessu tilefni að það lýsti framsýni á erfiðum tímum í fjármálum ríkisins, að setja markmið til langs tíma um uppbyggingu Háskóla Íslands. „Það er afar mikilvægt að við getum byggt upp skólann með sambærilegum fjár- veitingum og við sjáum í löndunum í kringum okkur.“

Ari vill ekki horfa sérstaklega til stofnunar Aldarafmælistjóðsins en telur affarasælast að þegar aukið fé sé veitt til háskólastarfs

fari það í gegnum samkeppnissjóði eða að til grundvallar beinum fjárveitingum liggi mat á árangri og gæðum sem hægt sé að vísa til þegar slíkar fjárveitingar koma til.

„Það sem við höfum alltaf haft sem sjónar- mið í HR, þegar kemur til útteilingar á fjár- magni til háskólastarfsemi, er að það séu gæði og árangur sem ráði því hvert fjármunirnir fara. Það er gert með beinum framlögum til stofnana í samræmi við gæði starfsins eða í gegnum sterka samkeppnissjóði. Þetta er gert um allan heim og við viljum sjá sama fyrir- komulag á Íslandi,“ segir Ari Kristinn.

Ari segir að þótt mælikvarðar til að meta árangur og gæði séu til og notaðir um heim allan hafi slík aðferðafræði ekki verið tekin upp hérlandis, þrátt fyrir að það sé lykilatriði að mat á árangri og gæðum starfsins liggi til grundvallar fjárveitingum.

- shá



Heimsmeistari í heimsókn:

Kenndi ungum hokkíspilurum

ÍÞRÓTTIR Íshokkíkonan Sami Jo Small er stödd á Íslandi í tengslum við Bikarmót Icelandair í íshokki sem lauk í gær. Small hitti ungar íshokkistúlur í Egils- höll í gær og gaf þeim góð ráð.

Small er markmaður kanadíska kvennalandsliðsins í íshokki og varð þrefaldur ólympíumeistari og fimmfaldur heimsmeistari með liðinu. Hún var valin besti markvörðurinn á heimsmeist- aramótinu í íshokki árin 1999 og 2000.

Koma hennar til landsins þykir stórvíðburður fyrir íslenska íshokkiðkendur. Eiginmaður hennar, Billy Bridges, var einnig með í för en hann er lamaður fyrir neðan mitti og er liðsmað- ur í kanadíska landsliðinu í sleða- hokki auk þess sem hann spilar hjólastólakörfubolta.

Small ætlaði einnig að miðla af reynslu sinni á markmannsnám- skeiði. Hún endaði heimsókn sína á að afhenda reykvísku skauta- félögum búnað til að efla íþrótt- ina hér á landi, en slíkur búnaður kostar sitt.

- sm

UNGUR NEMUR GAMALL TEMUR Ungar og áhugasamar íshokkistúlur fylgdust með Sami Jo Small, fimmföldum heimsmeistara og þreföldum ólympíumeistara, sýna listir sínar með kylfuna og pökkinn á skautasvellinu í Egilshöllinni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðrún Ebba Ólafsdóttir segir föður sinn hafa brotið gegn sér fyrir tólf árum:

Kom fram vilja sínum með hótunum

FÓLK Guðrún Ebba Ólafsdóttir sagði í berorðu viðtali við Þórhall Gunnarsson á RÚV í gærkvöldi að faðir hennar, Ólafur Skúla- son biskup, hefði kúgað hana til samræðis við sig með hótunum um útskúfun úr fjölskyldunni. Ofbeldið stóð árum saman en Guðrún Ebba sagði að lengi hafi hún lokað á allar minningar um níðingsskapinn. Guðrún sagði að faðir hennar hefði brotið síðast á sér fyrir tólf árum á hótelherbergi í Kanada.

Guðrún sagði að það hefði ekki verið fyrr en eftir að hún fór í áfengismeðferð sem hún gat horfst í augu við sára reynslu sína. Þá fyrst, eða 2003, tóku minningarbrott að leita á hana um ofbeldið sem hún var beitt.

Guðrún lýsti því í viðtalinu

hvernig faðir hennar hafi haft algjört vald yfir henni sem barni og unglingi. „Ef þetta kemst upp er úti um þig,“ sagði Ólafur við hana barnunga til að fyrirbyggja að hún greindi frá því hvernig hann braut gegn henni árum saman. Guðrún sagðist hafa fundist hún vera samsek og því hafi hún ekki getað greint frá ofbeldinu fyrr en seint og um síðir.

- shá



Smáralind

10 ára

Smáralind

Opið í dag

10.10 - 22.10





Pétur, voruð þið nokkuð teknir í nefið?

„Nei, þið voruð teknir í nefið.“

Í síðasta leik Ólafs Jóhannessonar sem landsliðsþjálfara, gegn Portúgal á föstudag, sáust hann og aðstoðarmaðurinn Pétur Pétursson rétta neftóbakshorn á milli sín. Ólafur hefur áður verið gagnrýndur fyrir neftóbaksnotkun í leikjum liðsins, en Ísland tapaði leiknum 5-3.

Framkvæmdir við Torfnesvöll: Gefa lóð en lofa ekki peningum

SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur lýst yfir vilja til að úthluta lóð í brekkunni fyrir ofan Torfnesvöll undir áhorfendastúku. Bæjaryfirvöld eru ekki reiðubúin til að gefa fyrirheit um fjárhagslega aðkomu að byggingunni eða rekstri stúkunnar, eins og bókað var á síðasta fundi stjórnar.

Stjórn KSÍ hefur samþykkt tíu milljóna króna styrk í verkið á þessu ári, að því er segir á bb.is. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 60 milljónir króna og hefur verið óskað eftir við Ísafjarðarbæ að leggja fram 20 milljónir.



HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Mennirnir eru ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjanes.

Tveir ákærðir fyrir líkamsárás:

Traðkaði á og sparkaði í höfuð

DÓMSMÁL Tveir menn um tvítugt hafa verið ákærðir af ríkissaksóknara fyrir stórhættulega líkamsárás. Hún átti sér stað í desember á síðasta ári á bifreiðastæði við Smáralind. Mönnunum er gefið að sök að hafa ráðist þar á mann. Annar hinna ákærðu tók hann hálstaki, að því er segir í ákæru, og dró hann niður í götuna. Þar hélt hann honum meðan hinn árásarmaðurinn traðkaði á og sparkaði ítrekað í höfuð hans. Augntóft og kinnbein fórnarlambins brotnuðu við þetta, auk þess sem hann hlaut mar og eymsli í hálsi og andliti. Sá sem fyrir árásinni varð krefur árásarmennina um ríflega eina milljón króna í skaðabætur.

500 nýjar íbúðir gætu risið

REYKJAVÍK Borgarráð samþykkti á fundi sínum á fimmtudag að veita vilyrði fyrir stúdentagörðum Félagsstofnunar stúdenta (FS) við Brautarholt 7. Þar gætu risið allt að 100 íbúðir. Enn fremur var ákveðið að hefja viðræður við Háskólann í Reykjavík um að hefja undirbúning að byggingu stúdentagarða á svæði háskólans við Öskjuhlíð. Skipulagsráð kannar síðan frekari uppbyggingarmöguleika fyrir námsmannaíbúðir á tveimur svæðum í samvinnu við HÍ og FS.

Þessar þrjár samþykktir þýða að 500 nýjar námsmannaíbúðir, að

lágmarki, gætu risið á næstu árum. Inni í þeirri tölu eru 280 íbúðir sem munu rísa við svæði Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýri. Eiga byggingarframkvæmdir við þær að hefjast nú í desember.

Borgarráð samþykkti einnig að gera úttekt á Félagsbústöðum og meta möguleika þess að þeir verði undirstaða fasteignafélags sem myndi þjóna öllu höfuðborgarsvæðinu. Með þessu verður leitast við að gera Reykjavíkurborg að kjölfestu í uppbyggingu langtímaleigumarkaðar, segir í tilkynningu frá borginni.



VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK Til viðbótar við uppbyggingu skólahúsnaðis í Öskjuhlíðinni er ráðgert að hefja uppbyggingu námsmannaíbúða fyrir skólann.

Með 90 gyðinga á lista og horfa til sýnagógu

Tveir rabbínanemar hafa meira en tvöfaldað samfélag gyðinga á Íslandi síðan í apríl. Þeir hafa nú um níutíu manns á lista og segjast ekki hættir. Þeir kenna trúarrit og telja óhjákvæmilegt að reisa samkomuhús og sýnagógu í Reykjavík.

FÓLK Leit tveggja bandarískra rabbínanema að gyðingum á Íslandi hefur borið svo góðan ávöxt að þeir sjá fyrir sér að fljótlega þurfi að koma hér upp samkomuhúsi fyrir íslenska gyðinga og á endanum sýnagógu. Þeir telja leitina hafa gengið vonum framár.

„Við erum núna komnir með lista yfir níutíu gyðinga sem búa á Íslandi. Við erum mjög ánægðir með árangurinn af leitinni,“ segir Berel Pewzner. „Þeir eru eflaust fleiri og leitinn stendur enn.“

Fréttablaðið greindi frá því í apríl síðastliðnum að Pewzner hefði komið til landsins í tveggja vikna heimsókn ásamt félaga sínum, Mendy Tzfasman, í því skyni að koma hér upp samfélagi gyðinga. Þeir höfðu þá farið í sams konar ferðir til annarra landa.

Félagarnir gengu um götur bæjarins, kíktu í verslanir og spurðu fólk hvort það vissi um gyðinga búsetta hérlandis. Afrakstur fyrstu heimsóknarinnar var listi yfir fjörutíu manns.

„Við báðum allt þetta fólk um að benda okkur á fleiri einstaklinga, við leituðum áfram með hjálp internetsins og greinin í Fréttablaðinu hjálpaði mikið til – það var mjög margt fólk sem hafði samband við okkur í kjölfar þess að hún birtist,“ segir Pewzner. „Þannig stækkaði hópurinn hægt og bitandi.“

Pewzner hefur verið staddur hér á landi undanfarnar vikur og í septemberlok hélt hann meðal annars bænastundir fyrir samfélag gyðinga hérlandis í til efni af nýárshátíð gyðinga, Rosh



BRATTIR Berel Pewzner og Mendy Tzfasman eru hæstánægðir með árangurinn síðan í vor. Þeir hafa farið í sams konar leiðangra til annarra landa.

Við erum núna komnir með lista yfir níutíu gyðinga sem búa á Íslandi. Við erum mjög ánægðir með árangurinn af leitinni.

BEREL PEWZNER RABBÍNANEMI

Hashanah. Þá hefur einnig verið blásið til hátíðarmálsverða af öðrum tilefnum og fjölda smærri uppákoma.

Þeir Pewzner og Tzfasman hafa

einnig staðið fyrir fræðslu. „Við kennum Tóra [helsta helgirit gyðinga], Talmúd [hina trúarlegu lög-bók] og kabbalah og hvernig boðskapur ritanna tengist daglegu lífi okkar. Þá skoðum við atburði líðandi stundar út frá sjónarhorni gyðinga,“ segir Pewzner. Þeir kenni einkum fullorðnum gyðingum en einnig slæðingi af börnum.

„Staða gyðingdómsins á Íslandi er mjög góð og við horfum björtum augum til framtíðar,“ segir Pewzner. „Við teljum að það muni óhjákvæmilega þurfa að reisa samkomuhús og sýnagógu í Reykjavík,“ bætir hann við.

stigur@frettabladid.is

Bílslys við Deildará: Fékk höfuð-áverka við veltu

SLYS Karlmaður velti bíl sínum við Deildará, rétt sunnan við Raufarhöfn, snemma í gærmorgun og var fluttur með sjúkraflugi á sjúkrahús í Reykjavík. Hann er ekki talinn lífshættulega slasaður, en hefur þó nokkra höfuðáverka.

Ekki er vitað nákvæmlega hvernig slysið átti sér stað. Maðurinn var einn í fólksbíl á leið eftir beinum vegi. Bíllinn lenti út af veginum og fór nokkrar veltur. Sjúkraflutningamenn á Raufarhöfn komu á staðinn fljótlega eftir að tilkynning barst um slysið.

Vísbendingar skila engu: Áköf leit að dínamítþjófum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið baki brotnu við rannsókn þjófnaðar á allt að 450 kílóum af sprengiefni sem stolið var í síðustu viku. Fáeinar ábendingar höfðu borist í kjölfar beiðni lögreglu til almennings um upplýsingar ef einhver kynni að þekkja til málsins. Lögregla hafði rátt við allmarga, en engar yfirheyrslur höfðu farið fram í gærkvöldi og enginn var grunaður um verknaðinn.

Lögregla sagði í gærkvöld að mikill þungi væri lagður í rannsóknina. Ljóst væri að þjófnaðurinn hefði verið vel undirbúinn þar sem notað hefði verið logsuðutæki til þess að komast inn í geymslurnar.

Þjófar gleyptu amfetamín:

Fóru hamförum í fangaklefa

LÖGREGLUMÁL Tveir innbrotsþjófar sem voru í haldi lögreglu aðfaranótt föstudags brutu allt sem þeir gátu í fangaklefunum eftir að hafa gleypt mikið magn af amfetamíni. Mennirnir náðust á flótta eftir að hafa brotist inn í raftækjaverslun í Kópavogi í nótt.

Starfsmaður Securitas náði að hlaupa mennina uppi en þeir höfðu ekki neitt upp úr krafsinu. Mennirnir höfðu talsvert magn af amfetamíni í fórum sínum og gleyptu þeir það allt áður en lögregla kom á staðinn.

Þegar í fangaklefa kom rann á þá mikil amfetamínvíma sem hélt þeim vakandi alla nóttina og fram á næsta dag.

FJARSKIPTI

Bilun hjá Vodafone

Farsímaþjónusta Vodafone lá niðri vegna bilunar í dreifikerfi í gær. Fyrirtækið bendir á að viðskiptavinir gætu þurft að endurræsa símtæki sín svo tækin skrái sig að nýju inn á kerfin.



Sparisjóður Vestmannaeyja gefur Hveragerði muni sem björguðust úr Eden: Ónothæf Adam og Eva sett í geymslu

HVERAGERÐI „Okkur finnst þetta fallega gert hjá Sparisjóðnum og munum geyma hurðirnar og stafina vel þar til við getum sýnt þetta á viðeigandi stað,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar. Sparisjóður Vestmannaeyja, eigandi Eden í Hveragerði sem brann til grunna í lok júlí, hefur fært bænum að gjöf útskornar hurðir og stafi úr timbri sem voru á gaflí hússins og stóðu fyrir nafnið á húsinu.

Hurðirnar og stafirnir eru með því fáa nýtilega sem tókst að bjarga úr brunanum í júlí. Vill Sparisjóður Vestmannaeyja afhenda bæjaryfirvöldum í Hveragerði munina til varðveislu svo þeir geti orðið til minja um þá starfsemi sem fór fram í gróðurskálanum Eden í um hálfu öld.

„Hurðirnar eru ónothæfar í þessari mynd. Ytra byrði þeirra er

stráheilt, þar með útskurðurinn af Adam og Evu sem margir þekkja, en þær eru kolsviðnar að innan. Margir sem sáu rústirnar höfðu á orði að það væri táknrænt að þær hefðu staðið eftir. Stafirnir eru betur farnir, en munirnir hafa fyrst og fremst sögulegt gildi. Ef einhver hyggur á starfsemi í anda Eden þykir mér líklegt að við ræðum við viðkomandi og sýnum fram á gildi þess að hafa þetta til sýnis fyrir gesti og gangandi,“ segir Aldís og bætir við að bæjaryfirvöld hafi samþykkt gjöfina með því fororði að ekki yrði ráðist í viðgerðir á þeim að svo stöddu.

Aðspurð segist Aldís hafa heyrt af þreifingum í þá átt að endurreisa Eden á einhvern máta, en ekkert væri fast í hendi í þeim efnum. „Enda ekki fýsilegt að fara í stórfamkvæmdir í þessu efnahagsástandi.“



ADAM OG EVA Hurðin að Eden er nú í eigu Hveragerðisbæjar.

Þú velur það íbúðalán sem hentar þér

Viðskiptavinir eiga að hafa val. Við bjóðum nú
óverðtryggð íbúðalán með föstum vöxtum og lækkum
breytilega vexti á verðtryggðum íbúðalánum verulega.

Ný óverðtryggð íbúðalán

6,40%

- » Fastir 6,40% vextir til 3 ára eða 6,60% til 5 ára*
- » Lánshlutfall allt að 70% af markaðsvirði eða verðmati eignar
- » Hraðari eignamyndun í flestum tilfellum
- » Hærri greiðslubyrði
- » Lánstími allt að 40 ár
- » Viðbótarlán fyrir allt að 85% af markaðsvirði eða verðmati eignar

Verðtryggð íbúðalán

3,90%

- » Breytilegir vextir hafa nú verið lækkaðir í 3,90%
- » Lánshlutfall allt að 70% af markaðsvirði eða verðmati eignar
- » Hægari eignamyndun í flestum tilfellum
- » Lægri greiðslubyrði
- » Lánstími allt að 40 ár
- » Viðbótarlán fyrir allt að 85% af markaðsvirði eða verðmati eignar

Skilmála og nánari upplýsingar má finna á vefsíðu okkar, landsbankinn.is, eða í næsta útibúi Landsbankans.

* Fyrir lok fastvaxtatímabils gefst lántökum val um að festa vexti aftur á þeim kjörum sem í boði verða eða skipta yfir í verðtryggt lán. Ekkert uppgreiðslugjald verður tekið ákveði viðskiptavinnur að breyta láninu. Ef ekkert er valið færast lán yfir á breytilega óverðtryggða vexti.



GENGIÐ 07.10.2011			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	117,68	118,24
	Sterlingspund	182,51	183,39
	Evra	157,93	158,81
	Dönsk króna	21,213	21,337
	Norsk króna	20,188	20,306
	Sænsk króna	17,283	17,385
	Japanskt jen	1,5339	1,5429
SDR		183,21	184,31
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		213,6772	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



BRÚÐKAUP Brúðhjónin ljómuðu af ánægju að athöfninni lokinni.

NORDICPHOTOS/AFP

Bítillinn Paul McCartney:

Kvæntur í þriðja sinn

LONDON Fyrrum Bítillinn Paul McCartney gekk í gær að eiga unnustu sína Nancy Shevell við athöfn á borgarskrifstofunni í Marylebone-hverfinu í London. Árið 1969 kvæntist McCartney fyrstu eiginkonu sinni, Lindu, á sama stað. Brúðkaupið bar upp á daginn sem John Lennon hefði orðið 71 árs.

Shevell, sem er 51 árs, er erfingi mikilla auðæva vegna vöru-flutningafyrirtækis í eigu fjölskyldu hennar þar sem hún gegnir stöðu varaforseta. Hún og McCartney trúlofuðu sig í maí síðastliðnum.

Brúðurin klæddist kjól sem dóttir McCartney, fatahönnuðurinn Stella, hannaði.

- kg

Óvenjulegur sauðburður:

Bar lömbum um mitt haust

LANDBÚNAÐUR Fimm vetra ær á bænum Litlu-Ávík á Ströndum bar í gær tveim hrútlömbum.

Sigursteinn Sveinbjörnsson, bóndi á Litlu-Ávík, fann ána og lömbin í gær þegar hann athugaði fé sitt. Hann kom þeim fljótt í hús, enda var veður vont á svæðinu á laugardag.

Sauðburður er að venju að vori og sjaldgæft að ær beri á haustin.

- sm

Víkingur AK kom með þúsund tonn af loðnu til Vopnafjarðar um helgina:

Góð loðna í grænenskri lögsögu

SJÁVARÚTVEGUR Fyrstu loðnunni á vertíðinni var landað á Vopnafirði um helgina. Víkingur AK, skip HB Granda, færði að landi þúsund tonna farm af stórri loðnu sem fékkst í grænenskri lögsögu.

Á vef HB Granda er haft eftir Guðmundi Hafsteinssyni, stýrimanni á Víkingi, að ástandið á miðunum sé með ágætum. Þar lóði á torfur á þónokkuð stóru svæði en þær mættu þó vera þéttari, að hans sögn.

Í byrjun september var gefin út heimild til íslenskra loðnuveiðiskipa á komandi loðnuvertíð til

veiða á rúmlega 180 þúsund tonn-um. Um er að ræða upphafsheimild sem er nokkru fyrr á ferðinni en síðasta vetur. Á síðasta vetri námu loðnuheimildir alls 325 þúsund tonnum en þar af fóru um 73 þúsund tonn til erlendra skipa samkvæmt milliríkjasamningum. Miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir er líklegt að hluti íslenskra skipa af heildinni verði um hálf milljón tonna af 732 þúsund tonna ráðlögðum upphafskvóta.

Varlega áætlað og miðað við hagstæða samsetningu í bræðslu



Í HÖFN Á AKRANESI Víkingur landaði fyrstu loðnu vertíðarinnar um helgina.

MYND/KARL SIGURJÓNSSON

aflans, frystingar og hrognavinnslu má reikna með að heildarverðmæti úr sjó verði 20 til 30 milljarðar króna.

- shá

Slælegt viðhald gerir leiktæki að slysagildru

Íbúar í Hlíðunum eru áhyggjufullir yfir lélegu ástandi leiktækja á Klambratúni. Aparólan þykir sérstaklega hættuleg þar sem vírar eru farnir að trosna.

Vandamál hvað leiktækin eru nálægt Miklubraut, segir formaður íbúasamtaka.

SAMFÉLAGSMÁL Leiktæki sem eru á Klambratúni eru talin hættuleg börnum vegna lélegs viðhalds. Aparóla sem er á leikvellinum þykir sérstaklega hættuleg því farið er að trosna upp úr vír sem heldur henni uppi.

Íbúi í Hlíðunum tilkynnti um ástand rólunnar til lögreglu fyrir skemmstu en segir ekkert hafa verið aðhafst í málinu ennþá. Hann segir ástandi leiktækjanna mjög ábótavant og að það gæfi alvarlegar afleiðingar í för með sér ef borgin hyggtst spara þegar kemur að öryggismálum.

Steinunn Þórhallsdóttir, formaður Íbúasamtaka Hlíða, Holta og Norðurmýri, segir íbúa hverfisins mikið nota Klambratún.

„Það liggja fyrir áform hjá borginni um að endurbæta alla aðstöðu á Klambratúni og við íbúarnir bíðum mjög spennt eftir þeim framkvæmdum. Ég hef sjálf ekki skoðað leikvöllinn nýlega en að okkar mati hefur honum lítið verið sinnt undanfarin ár.

Eitt helsta vandamálið við leikvöllinn er hvað hann er staðsettur nálægt Miklubrautinni og hafa Íbúasamtökin bent á að betra væri að færa hann nær Kjarvalsstöðum,“ segir Steinunn.

Íbúar hverfisins eru einnig áhyggjufullir vegna girðingar sem umlykur leikvöllinn við Ísaksskóla, en girðingastaurarnir þykja of oddhvasir og nánast eins og spjót.

Í septemberlok voru fluttar fréttir af því að unglingsdrengur hafði nærri því misst annan hand-

sara@frettabladid.is



HÆTTULEG LEIKTÆKI Leiktækjunum á Klambratúni er illa við haldið og þykja hættuleg börnum að leik. Íbúar hverfisins hafa tilkynnt um málið til lögreglu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

“Eitt helsta vandamálið við leikvöllinn er hvað hann er staðsettur nálægt Miklubrautinni og hafa Íbúasamtökin bent á að betra væri að færa hann nær Kjarvalsstöðum

STEINUNN ÞÓRHALLSDÓTTIR FORMAÐUR ÍBÚASAMTAKA HLÍÐA, HOLTA OG NORÐURMÝRI.

Menn á fertugsaldri ákærðir:

Keyrðu höfuð í plexíglervegg

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært tvo menn á fertugsaldri fyrir að ráðast á mann við veitingastaðinn English Pub í Reykjavík á síðasta ári.

Maðurinn var að aðstoða starfsmann veitingastaðarins, sem hafði lent í átökum við mennina þegar þeir réðust á hann með hnefahöggum og spörkum. Þá keyrðu þeir höfuð hans með afli í millivegg úr plexígleri. Maðurinn hlaut djúpan skurð á vör ásamt bólgum, tognun auk þess sem gervigómur hans brotnaði.

- jss

Nýtt merki Ísafjarðarbæjar:

Umdeilt merki fær samþykki

SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að gera nýja útgáfu af merki Ísafjarðar-arkaupstaðar að byggðamerki Ísafjarðarbæjar. Var það samþykkt með sjö atkvæðum af níu en tveir bæjarfulltrúar í-listans sátu hjá við afgreiðslu málsins. Bæjarins bezta greinir frá.

Síðan Ísafjarðarbær var stofnaður hafa verið gerðar margar tilraunir til að finna bænum eitt byggðamerki. Byggðamerki bæjarins hafði því verið samansett úr byggðamerkjum fjögurra af átta fyrrverandi sveitarfélögum bæjarins, en það er ekki heimilt.

- shá



Burðardýr dæmt í fangelsi:

Smyglaði inn dópi í eggjum

DÓMSMÁL Kona á þritugsaldri hefur verið dæmd í átján mánaða fangelsi, þar af fimmtán mánuði á skilorði, fyrir að smygla til landsins MDMA fíkniefni sem nægt hefði til að búa til 1.845 e-töflur.

Konan viðurkenndi að hafa flutt efnið inn í janúar síðastliðnum, þegar hún kom með flugi frá Kaupmannahöfn. Hún hefði verið burðardýr og flutt efnið inn að beiðni tiltekins einstaklings. Sér hefði verið lofað greiðslu fyrir verkið.

Fram kom að konan hefði flutt efnið inn í „eggjum“ sem hún hafði falið innvortis í líkama sínum.

- jss

15%afsláttur

af öllum pakkningastærðum af Nicorette fruitmint

2 mg 210 stk.

Nú kr. 4.280.-

Tilboðið gildir til 31. október n.k.

Lyfjaval

APÓTEK

Álftamýri - Mjódd - Bílaapótek Hæðasmára 4

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir

veður-fréttamaður

ÚLPUVEÐUR

Vetur gerir vart við sig næstu daga en líkur á að haustið komi aftur í vikunni. Hiti um og yfir frostmarki að mestu og næturfrost. Éi N-til í dag en minna á morgun. Nokkuð bjart syðra. Gengur í SA- eða A-átt á miðvikudag með hvassviðri og úrkomu.

Á MORGUN

8-13 m/s á annesjum A-til, annars hægari.

MÍÐVIKUDAGUR

Strekkingur eða allhvasst, fyrst SV-til.

HEIMURINN

Alicante	26°
Basel	19°
Berlín	16°
Billund	12°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	14°
Gautaborg	14°
Kaupmannahöfn	14°
Las Palmas	27°
London	22°
Mallorca	26°
New York	23°
Orlando	31°
Ósló	11°
París	20°
San Francisco	22°
Stokkhólmur	11°

Vindhraði er í m/s.

Hitastig eru í °C.

Gildistími korta er um hádegi.

AUGLYSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLYSINGASTJÓRI: Jón Laufdal joni@frettabladid.is. ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson guðmundurs@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is. ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is. SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigrurdagny@365.is, Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is, Ívar Örn Hansen ivarom@365.is. RÁÐAUGLYSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is. ÞJÓNUSTAUGLYSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Ama Rut Kristinsdóttir amarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einarskulason@365.is



Fleiri leiðir til að hafa samband



Við kynnum nýjar leiðir til að kynnst
einstökum þjónustuanda Vodafone



Nýttu þér NetSpjallið á vodafone.is
til að ræða við þjónustufulltrúa okkar



Sendu okkur SMS með þínum óskum
í 1414 og við höfum samband



Á Mínum síðum á vodafone.is
ert þú með allar þínar upplýsingar
á einum stað



Notaðu nýja 1414 Appið í
snjallsímanum eða spjaldtölvunni

Þín ánægja er okkar markmið

vodafone.is

KJÖRKASSINN



Ert þú ánægð(ur) með að rann-saka eigi rannsókn Guðmundar-og Geirfinnsmálsins á ný?

Já	79,7%
Nei	20,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Pekkir þú einhvern sem hefur verið lagður í einelti?

Segðu skoðun þína á visir.is





OLÍUSLYS Olíuflutningaskipið Rena strandaði á skeri. Öttast er að tugir tonna hafi lekið í hafið. NORDICPHOTOS/AFP

Olíuleki við Nýja-Sjáland: Ógnar dýralífi

NÝJA-SJÁLAND Olíuflutningaskip strandaði á skeri úti fyrir strönd Nýja-Sjálands. Talið er að um 30 tonn af olíu hafi lekið í sjóinn. Skipið strandaði við Bay of Plenty sem er talin vera ein fegursta strönd landsins. Hætta er á að skipið brotni og geta þá um 1.700 tonn af olíu flætt yfir svæðið. Fjöldi manns vinnur hörðum höndum að því að hreinsa upp olíuna og dæla af skipinu áður en reynt er að koma því aftur á flot. Ekki er ljóst hvað olli slysinu en John Key, forsætisráðherra Nýja-Sjálands, sagði allt benda til þess að eitthvað hafi farið úrskeiðis innanborðs á skipinu.

- sm

Í sex mánaða fangelsi: Var með dóp og samúræjasverð

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt tæplega þrítugan karlmann í fangelsi í sex mánuði. Maðurinn var ákærður fyrir að hafa haft í vörslu sinni amfetamín og maríjúana og samúræjasverð sem fundust við húsleit á heimili hans. Maðurinn krafðist þess að refsingin yrði milduð vegna þess að við húsleitina hefði myndatöku-maður frá RÚV verið í för með lögreglu og myndskleið er sýndi handtöku hans og húsleitina birst á opinberu svæði vefmiðilsins. Mættu kunnugir þekkja hann þó að andlit hans hefði verið hulið. Hæstiréttur sagði það engin áhrif hafa ákvörðun refsingar.

- jss

Okkar hlutverk er að dreifa

fjölþósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

Póstdreifing - Suðurhraun 1
210 Garðabær - Sími 585 8300
www.postdreifing.is



Póst dreifing

Enn vantar fimm milljónir af 40 milljónum sem heitið var til Krabbameinsfélagsins vegna Mottumars: Búið að ráðstafa öllu nema 7,5 milljónum

SAMFÉLAGSMÁL Rúmlega 35 milljónir af þeim 40 sem heitið var hafa skilað sér inn til Krabbameinsfélagsins vegna Mottumars. Áheit á netinu áttu að skila inn tæpum 30 milljónum og fyrir-tæki áttu að skila inn um 10 milljónum. Enn vantar um þrjár milljónir af áheitum af netinu og um tvær milljónir frá fyrirtækjum. Þeim sem heita á einstaklinga vegna Mottumars ber engin laga-leg skylda til þess að greiða inn til félagsins. Ragnheiður Haraldsdóttir, for-stjóri Krabbameinsfélagsins,

segir að nú sé verið að leggja lokahönd á bókhaldið vegna Mottumars og félagið sé að reyna að ýta við þeim sem eigi eftir að borga. Búið er að ráðstafa stærsta hluta fjármagnsins og er stjórn Krabbameinsfélagsins nú að fara yfir eftirstöðvarnar, að sögn Ragnheiðar. Það sem er óráðstafað af fénu eru 7,5 milljónir. „Við höfum ráðstafað þessu í fræðslu og ýmiss konar for-varnir, meðal annars með því að efla heimasíðuna,“ segir hún. „Þetta er að skila mjög miklum

árangri, þess vegna erum við tilbúin að halda áfram. Það var mikið um að karlmenn leituðu til heilsupjónustunnar á síðasta ári og þessu, og fleiri leituðu til ráðgjafarþjónustunnar.“ Það sem af er ári hefur um sex milljónum verið ráðstafað í rann-sóknarstarf, þar með talið í aug-lýsingaherferð tengda könnun á karlmönnum og krabbameini. Annar kostnaður fyrir átakið, innanhússtörf, stjórnun átaksins og skipulag, starf Ragnheiðar og markaðsstjórans, er í kringum fimm milljónir króna.

- sv



MARGIR TÓKU PÁTTI Í MOTTUMARS Búið er að ráðstafa um sex milljónum af Mottumarsfé í rannsóknir á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekkert BootCamp án breytinga á skipulagi

Breyta þarf deiliskipulagi í Elliðaárdal til að starfrækja megi líkamsræktarstöð í húsi sem ætlað var undir fornbílasafn. Samt hefur verið tilkynnt um opnun hennar. Formaður skipulagsráðs segir málið mjög óheppilegan fortíðardraug.

SKIPULAGSMÁL Eigi hús sem Forn-bílaklúbbur Íslands reisti í Elliða-árdal að vera notað undir lík-amsræktarstöð þarf að breyta deiliskipulagi á svæðinu. Þetta segir Ólöf Örvarsdóttir, skipu-lagsstjóri í Reykjavík. „Þetta er viðkvæmt svæði og skipulagt sem safnasvæði. Það deiliskipulag stendur og hefur ekki verið breytt,“ segir Ólöf. Fréttablaðið sagði frá því á laugardag að Fornbílaklúbburinn, sem fékk lóðina að gjöf frá borg-inni um miðjan síðasta áratug til að koma þar á fót fornbílasafni, hefði selt hús sitt þar. Líkams-ræktarstöðin BootCamp hefur nú tilkynnt á vefsíðu sinni að starf-semin muni senn flytjast þangað. „Það er alveg ljóst hvað má samkvæmt deiliskipulagi og það er að hafa þarna söfn,“ segir Ólöf. „Það þarf hugsanlega að taka afstöðu til þess hvort skipulag-inu verður breytt og þá hvern-ig en sú niðurstaða er ekki enn komin,“ segir hún. Málið sé nú í umsagnarferli í borgarkerfinu. Hún segir skipulagsyfirvöld þó ekki hafa verið því fráhverf að á þessum stað risi líkamsrækt. „Við höfum talið að það gæti átt vel við að hafa þarna einhvers konar líkamsrækt sem gæti nýtt dalinn og höfum haft jákvætt við-horf gagnvart slíkum hugmynd-um, en það þarf þá klárlega að breyta deiliskipulagi.“ Þumal-puttareglan sé að slíkar breyt-ingar taki um þrjá mánuði.

Þegar Fornbílaklúbburinn fékk lóðinni úthlutað fylgdu því engar kvaðir, „ekki einu sinni að við opnuðum þetta safn“, eins og Jón



RAFSTÖÐVARVEGUR 9 Húsið var rétt orðið fohelt þegar Fornbílaklúbburinn varð uppiskroppa með fé og neyddist til að selja það. Í nánast sambygðu húsi rak Orkuveitan minjasafn en hefur nú líka selt húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÓLÖF ÖRVARSDÓTTIR



PÁLL HJALTASON

Hermann Sigurjónsson, ritari klúbbsins, sagði við Fréttablaðið á laugardag. „Þetta er mjög óheppilegt,“ segir Páll Hjaltason, formaður

skipulagsráðs Reykjavíkurborg-ar. „En það er erfitt að eiga við fortíðardrauga.“ Hann tekur fram að hann þekki þetta tiltekna mál ekki í þaua en sé þó þeirrar skoðunar að ekki eigi að úthluta félagasamtökum lóðum án endurgjalds án þess að skilyrða það með einhverjum hætti, sérstaklega þegar lóðin er á almenningssvæði eins og í Elliðaárdal. Hugsanlega ættu borgaryfirvöld að áskilja sér for-kaupsrétt á byggingum á slíkum lóðum. „Ég mundi allavega ekki styðja svona aðgerð í dag,“ segir Páll Hjaltason. stigur@frettabladid.is

Í fóstur vegna ofbeldis: Vísað úr landi með foreldrum

SVÍPJÓÐ Tvö lítil börn, sem sett höfðu verið á fósturheimili vegna ofbeldis af hálfu foreldranna, hafa verið send með foreldrum sínum frá Gautaborg í Svíþjóð til Aserbaídsjan. Fjölskyldan hefur ekki lengur dvalarleyfi í Svíþjóð, að því er segir á fréttavef Dagens Nyheter. Málið hefur vakið mikla athygli þar sem foreldrarnir slógu börnin fyrir framan fulltrúa félagsmála-yfirvalda. Voru börnin í kjölfarið tekin frá foreldrum sínum. Sænskir fjölmiðlar greindu frá því að börnin hefðu aldrei komið til Aserbaídsjan.

- ibs



KANNABISRÆKTUN Lögregla stöðvaði kannabisræktun og tók stera.

Karlmaður og kona játuðu: Tóku kannabis-plöntur og stera

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuð-borgarsvæðinu og lögreglan á Suðurnesjum stöðvuðu kannabis-ræktun í húsi í Reykjanesbæ fyrir skömmu. Við húsleit var lagt hald á um tuttugu kannabisplöntur á lokastigi ræktunar. Á sama stað fundust einnig sterar og voru þeir sömuleiðis teknir í vörslu lögreglu. Karlmaður og kona á þrítugs-aldrí voru yfirheyrð og víður-kenndu þau sök í málinu sem telst upplýst. Lögreglan minnir á fíkniefna-símarn 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál.

- jss

Lífeyrissjóðir segja fjárlagafrumvarpið draga úr sparnaði landsmanna: ASÍ gagnrýnir fjárlagafrumvarp 2012

EFNAHAGSMÁL Miðstjórn ASÍ lýsir yfir vonbrigðum með grundvallarstefnuna að baki fjárlagafrum-varpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2012. Lítil inni-stæða sé fyrir þeim veikur forsendum sem stjórn-völd gefi sér fyrir efnahagsbata. Þá segir miðstjórnin að enn eigi að ná fjárlögum saman með því að hækka þjónustugjöld og skatta. Miðstjórnin gagnrýnir harðlega að tvískatta eigi viðbótarlífeyrissparnað einstaklinga umfram tvö prósent. Hyggilegra sé að hvetja til sparnaðar en að refsa fólki fyrir að spara, eigi að komast út úr kreppu. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Lands-samtaka lífeyrissjóða, tekur undir þessa gagnrýni. Hún segir þetta munu hafa veruleg áhrif á viðbót-arlífeyrissparnað, sem sé þriðja stoðin í lífeyris-kerfi landsmanna. Það veiki kerfið að hræra mikið í því. Lífeyrissjóðskerfi verði að byggja á traustum stöðum. „Þeir sem leggja núna fyrir fjögur prósent munu lækka þá upphæð niður í tvö prósent. Það er verið að gefa þau röngu skilaboð að það sé betra að eyða peningum núna en að geyma þá til elliáranna,“



FORSETI ASÍ Gylfi Arnbjörnsson og aðrir í miðstjórn ASÍ gagn-rýna forsendur fjárlagafrumvarpsins harðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

segir Þórey. Hún bendir á að efri árin séu þriðj-ungur mannsævinnar og skynsamlegt sé að hver vinnandi maður leggi fyrir.

- kóp

Er ekki tími til kominn að smyrja? Ég bara smyr.

Nú er sértíloð á **smurþjónustu** hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.



20% afsláttur

Sértíloð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota á Íslandi í október, m.a. af olíu, síum, rúðupurrkum og bílaþerum.*

15% afsláttur

af vinnu við smurningu.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Toyota Kópavogi	Nýbýlavegi 8	200 Kópavogi	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	800 Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	260 Reykjanesbæ	420 6600
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík	577 7080
Bifreiðaverkstæðið Ásinn	Kalmansvöllum 3	300 Akranesi	431 5050
Bílatangi	Suðurgötu 9	400 Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	550 Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	640 Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	700 Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	230 Reykjanesbæ	421 6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

**Today
Tomorrow
Toyota**

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, ljósaperur, rúðuvökvi og frostlögur.

VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða tímamótum fagnaði Stöð 2 í gær?

2 Hver skoraði tvö mörk fyrir Ísland gegn Portúgal?

3 Hvaða gígbyrpingu hjá Blá-fjöllum stendur til að opna?

SVÖR

1. 25 ára afmælinu. 2. Hallgrímrur Jónasson. 3. Þríhúskinn.



HUNDUR Skrá yfir þá sem halda hunda fellur ekki undir þá grein upplýsingalaga að almenningur hafi aðgang að henni.

Reykjavíkurborg leitar álits: Hundaeigendur á opinbera skrá

DÝRAHALD Skrá yfir alla þá sem fengið hafa leyfi til hundahalds fellur ekki undir þá grein upplýsingalaga þar sem rætt er um rétt almennings til aðgangs að gögnum hjá stjórnvöldum. Þetta kemur meðal annars fram í svari Persónuverndar við erindi umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar frá því í vor.

Í erindinu var leitað eftir áliti um hvort heilbrigðiseftirlitinu væri heimilt að setja heimilisföng og nöfn hundaeigenda auk skráningar-númera hunda á vef eftirlitsins.

Þar sagði jafnframt að talið væri að slík birting gæti aukið öryggi, upplýst borgarbúa um hvar hundar væru skráðir og aukið ábyrgð hundaeigenda.

8

FRÉTTABLAÐIÐ

10. október 2011 MÁNUDAGUR

Pekktur sérfræðingur um kynferðisbrot innan trúfélaga kemur hingað til lands:

Kirkjufólk á kynferðisbrotanámskeið



DR. MARIE M. FORTUNE

segist vonast til þess að um 200 manns sækji námskeiðið.

á þjálfun, ráðgjöf og kennslu í því markmiði að binda enda á kynferðislegt ofbeldi og heimilisofbeldi.

Gunnar Rúnar Matthías-son, formaður fagráðs þjóðkirkjunnar, segist vonast til þess að um 200 manns sækji námskeiðið.

„Ég geri ráð fyrir að fólk á kirkjuþingi, úr áhrifastöðum

innan kirkjunnar og annarra trúfélaga sækji þetta. Fólk sem lætur sig málefnið varða,“ segir hann.

„Dr. Fortune er afar virtur fræðimaður um allan heim og hún mun draga fram raunveruleika kynferðislegrar misnotkunar og þær flækjur sem trúin getur sett inn í það.“

Námskeiðið og málþingið verða 18. og 19. október næstkomandi. Prestar, djáknar, kirkjuþingsfulltrúar, fulltrúar í safnaðarstjórnunum, leiðtogar og starfsmenn kirkna og safnaða eru sérstaklega hvattir til þátttöku.

MENNING

Já og Borgarleikhúsið hafa skrifað undir samkomulag um að Borgarleikhúsið verði samstarfsaðili Símaskrárinnar 2012, sem mun koma út í maí á næsta ári, að því er fram kemur í tilkynningu.

Í samningnum felst að Borgarleikhúsið mun ásamt Já koma að vinnu við myndskreytingar Símaskrárinnar og auk þess taka þátt í vinnu við efnistöð bókarnar.

Samstarfsaðilar Símaskrárinnar síðustu tvö áru voru Hugleikur Dagsson og Egill Einarsson.

Boða breytingar á evrusvæði

Angela Merkel og Nicolas Sarkozy, leiðtogar Þýskalands og Frakklands, sammæltust um breytingar á stjórnun evrusvæðisins á fundi í Berlín í gær. Nánar verður greint frá samkomulaginu í lok mánaðarins.

EVROPA Angela Merkel og Nicolas Sarkozy, leiðtogar Þýskalands og Frakklands, munu mæla fyrir „mikilvægum breytingum“ á stjórnun evrusvæðisins.

Þetta kom fram á sameiginlegum blaðamannafundi Merkel og Sarkozy eftir fund þeirra um skuldavanda evruríkjanna í Berlín í gær.

Leiðtogarnir sögðust einnig hafa náð samkomulagi um endurfjármögnun bankakerfis evrusvæðisins, sem fæli í sér alþjóðlega lausn, en jafnframt að samkomulagið yrði ekki kynnt nánar fyrr en í lok október.

Hingað til hafa Frakkar viljað nota neyðarsjóð evruríkjanna til að endurfjármagna franska banka. Þjóðverjar hafa hins vegar einungis viljað nota sjóðinn í algjörri neyð, en talið er að hundrað til tvö hundruð milljarða evra þurfi til að endurfjármagna evrópska banka.

Aukin samþætting evru-svæðisins er mikilvæg að sögn Sarkozy. Merkel segir eitt helsta markmiðið að koma á nánara og meira skuldbindandi samstarfi meðal ríkja á evru-svæðinu svo hægt sé að komast hjá umframeyðslu. Nauðsynlegt sé að lausn finnist á þeim vandamálum sem stöðja að Evrópu fyrir fund helstu leiðtoga Evrópu í Brussel síðar í mánuðinum.

Einnig er talið að leiðtogarnir hafi rætt skuldavanda Grikklands og málefni fransk-belgíska bankans Dexia á fundi sínum. Fyrr um daginn höfðu stjórnvöld í Belgíu, Frakklandi og Lúxemborg tilkynnt að samkomulag hefði náðst um að skipta bankanum upp, en hann er fyrsta fórnarlamb skuldakreppunnar á evrusvæðinu. Í sameiginlegri yfirlýsingu forsætisráðherra ríkjanna kom fram að samkomulagið yrði lagt fyrir stjórn Dexia til samþykktar, en stjórn bankans átti að funda seint í gær.

kjartan@frettabladid.is

SAMKOMULAG Sarkozy og Merkel segja að nánar verði gert grein fyrir samkomulagi um endurfjármögnun bankakerfis evrusvæðisins í lok mánaðarins.

Hressandi tilboð

Angelica er íslensk náttúruafurð úr ætíðvönn sem gefur þér aukna orku og veitir mótstöðu gegn alls konar vetrarpestum. **Sæktu styrk í náttúru Íslands!**

2 fyrir 1



Pú færð tvö box af Angelicu en borgar fyrir eitt



Tilboðið gildir á öllum útsölustöðum á meðan birgðir endast.





FÍKNIEFNASALI Maðurinn er ákærður fyrir að selja bæði fíkniefni og landa.

Karlmaður um fimmtugt með töluvert af fíkniefnum:

Ákærður fyrir brugg og fíkniefnasölu

DÓMSMÁL

Karlmaður um fimmtugt hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, kannabísræktun, bruggstarfsemi og sölu dóps og landa.

Manninum er gefið að sök að hafa frá árinu 2006 til 20. apríl 2010 tekið við af ónafngreindum manni samtals einu kíló af amfetamíni og 400 grömmum af hassi. Hluta efnanna seldi hinn ákærði til ónafngreindra manna, að því er segir í ákæru.

Þá ræktaði maðurinn rúmlega tuttugu kannabíspöntur í frystigámi á plani við sláturhús og seldi afurðirnar, sem námu tvö til þrjú

hundruð grömmum af kannabis. Enn fremur er manninum gefið að sök að hafa í byrjun síðasta árs bruggað átján lítra af landa í bragga við hesthús og selt.

Tvisvar sinnum var maðurinn tekinn með umtalsvert magn fíkniefna, sem hann geymdi í hesthúsi, á vinnustað hans í frystikistu og loks í ferðatösku. Taska fannst á heimili foreldra hans. Í henni var hass, maríjúana, amfetamín, kókaín, kannabíslauf og kannabísræ. Ákærvaldið krefst þess að maðurinn verði dæmdur til refsingar og bruggtæki og ræktunarbúnaður verði gerð upptæk.

AFSLÁTTARDAGAR

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum
rafmagnsrúm
í öllum stærðum!

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg
rafmagnsrúm
á 20% afslætti.



12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

AFSLÁTTARDAGAR

Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG **FRÍ LEGUGREINING**


Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með
hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóðmi?
- Vaknarðu oft með verki í mjóðmi?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
 - hryggskekkju
 - brjóska
 - samföllnum hryggjaliðum
 - spengdum hryggjaliðum
 - gigt, til dæmis:
 - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu



FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smíðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



Lækkun skattafrádráttar vegna viðbótarlífeyrissparnaðar mun letja fólk til að spara.

Skammsýn skattahækkun

Ríkisstjórnin áformar að lækka skattafrádrátt vegna iðgjalda til viðbótarlífeyrissparnaðar úr fjórum prósentum af launum fólks í tvö. Þetta er að sjálfsögðu skattahækkun á almenning, þótt forystumenn ríkisstjórnarinnar reyni að halda öðru fram.

Nái áformin fram að ganga mun það að öllum líkindum hafa þau áhrif að verulega dragi úr sparnaði, enda verða iðgjaldagreiðslurnar tvískattaðar. Sá sem hyggst leggja í viðbótarlífeyrissjóð meira en tvö prósent af launum sínum mun þannig greiða tekjuskatt af umframiðgjaldinu og greiðslurnar úr lífeyrissjóðnum verða svo skattlagðar þegar þar að kemur.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Lífeyrissjóðirnir hafa bent á að þetta muni draga úr lífeyrissparnaði og segjast munu ráðleggja sjóðfélögum sínum að gera eitthvað annað við peningana. Alþýðusambandið hefur sömuleiðis mótmælt þessum áformum harðlega. „Til að komast út úr kreppu er hyggilegra að hvetja til sparnaðar og fjárfestinga fremur en að refsa fólki fyrir að spara til að auka neyslu,“ sagði í ályktun miðstjórnar sambandsins í síðustu viku.

Stjórnarmeirihlutinn veit þó augljóslega hvað hann er að gera. Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis, sagði umbúðalaust hér í blaðinu fyrir helgi að breytingin væri hugsuð til þess að heimilin hefðu meiri ráðstöfunartekjur í stað þess að spara og aukin neyzla myndi örva hagkerfið.

Þetta skemmdarverk á lífeyriskerfinu á með öðrum orðum að hjálpa til svo að bjartsýnar spár ríkisstjórnarinnar um aukna einkaneyslu rætist. Áformin sýna í raun ráðleysi ríkisstjórnarinnar; hún vill vinna þetta til að auka einkaneysluna vegna þess að hún treystir sér ekki til að stuðla að nægilegum auknum fjárfestingum til að þær verði fremur drifkraftur hagvaxtarins.

Sparnaður hefur verið alltof lítill á Íslandi. Skattaívilnanir vegna viðbótarlífeyrissparnaðar sem teknar voru upp um aldamótin örvuðu slíkan sparnað hins vegar mjög verulega. Þannig var stuðlað að því að fólk gæti eignast raunverulegan varasjóð til elliáranna. Þetta hafa margir nýtt sér; yfir 82.000 launþegar hafa greitt viðbótariðgjald í séreignarlífeyrissjóð.

Það er eins og ríkisstjórnin sé búin að gleyma að lífeyriskerfið varð fyrir alvarlegu áfalli í bankahruninu. Margir töpuðu þá tugum prósentu af séreignarsparnaði sínum. Það væri nær að auka hvatun til að leggja til hliðar og byggja sjóðina upp á nýjan leik en að refsa fólki fyrir að spara.

Þessi skattahækkun ríkisstjórnarinnar mun auka neyzlu til skemmri tíma, en til lengri tíma getur hún haft alvarleg, neikvæð áhrif. Eins og svo margt annað sem þessi ríkisstjórn gerir einkennast þessi áform af skammsýni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

Framtíð íslensks fjármálamarkaðar

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Þriðjudaginn 11. október kl. 12-14
Hátiðasalur Háskóla Íslands

Í boði Viðskiptafræðideildar

Sviptingar undanfarinna ára hafa gerbreytt íslenskum fjármálamarkaði. Eftir því sem tiltektinni eftir hrun gamla fjármálakerfisins vindur áfram er smám saman að koma í ljós mynd af nýju fjármálakerfi, sem mun þjóna íslensku efnahagslífi næstu áratuginna. Leitast verður við að draga upp framtíðarsýn fyrir íslenskan fjármálamarkað.

Fyrirlesarar eru: **Gunnar Baldvinsson** framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, **Gylfi Magnússon** dósent við Viðskiptafræðideild, **Kristján Jóhannsson** lektor við Viðskiptafræðideild, **Sigrún Ragna Ólafsdóttir** forstjóri VÍS, **Steinþór Pálsson** bankastjóri Landsbankans og **Vilhjálmur Bjarnason** lektor við Viðskiptafræðideild og formaður Félags fjárfesta.

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis



FRÁ DEGI TIL DAGS

Forsetinn leggur lið

Ímyndarátakið Inspired by Iceland þykir hafa tekist vonum frammar. Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að aðstandendur þess teldu það hafa skilað þjóðarþínu tugmilljörðum. Eðlilega verður því ekki látið þar við sitja, heldur blásið til nýrrar herferðar til að reyna að græða enn meira fé á útlendingum. Upptökur fyrir nýju herferðina eru þegar hafnar og það ekki með neinum aukvisum. Í gær léði Ólafur Ragnar Grímsson átakinu andlit sitt, en hann hefur nokkra reynslu af því að lofsygja Ísland.



Persónuleg landkynning

Ólafur mun eftir því sem næst verður komist ekki það sig nakinn undir berum himni heldur láta nægja að hvetja íslenskar fjölskyldur til að bjóða túristum í heimsókn og kynna þeim landið á persónulegan hátt. Forsetinn gæti gengið á undan með góðu fordæmi, fósturað nokkra gleðipinna og lóðsað þá um viðfrægt næturlífið í Reykjavík, sem hann dásamaði í eftirminnilegu erlendu sjónvarpsviðtali um árið.



Fáránleg spurning

Gott orð fer af Eiríki Birni Björgvinssyni sem bæjarstjóra Akureyrar. Heldur hefur þó legið illa á honum þegar Fréttablaðið spurði hann fyrir helgi um tónleikaferð samfélags- og mannréttindaráðs Akureyrar á kostnað bæjarins og hvort slíkar ferðir væru tíðkuðust. Eiríkur fyrstist við. „Mér finnst þetta vera fáránleg spurning,“ sagði bæjarstjórinn. „Ég svara ekki svona spurningu,“ bætti hann við. Heppilegt væri fyrir blaðamenn að Eiríkur mundi skýra hvað var fáránlegt við spurninguna. Í fljótu bragði virðist hún nefnilega ósköp eðlileg. stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Framtíðarsýn á You Are in Control

Skapandi greinar



Anna Hildur Hildibrandsdóttir

framkvæmdastjóri ÚTÓN

Stafræna byltingin er staðreynd sem shefur breytt atvinnuháttum okkar og krefst nýs hugsunarháttar af stefnumótandi aðilum og leiðandi öflum í atvinnulífinu. Mikill vöxtur skapandi greina er ekki síst afsprengi stafrænnar byltingar. Ný listform og dreifileiðir eiga auðveldari aðgang að neytendum. Við getum nálgast neytandann á gagnvirkari hátt en áður og leiðandi álitsgjafir eru nú oft úr röðum almennings jafnt sem fjölmiðlamanna eða gagnrýnenda. Tækni-fyrirtæki hafa sprottið upp og efst af þessum sökum. Efnisgerð og listsköpun á nú orðið greiðari leið yfir landamæri og útflutningur því ekki sama ögrun og áður var. Þessi þróun þýðir að engin atvinnugrein í Evrópu eða jafnvel heiminum öllum býr við jafn hraðan hagvöxt og skapandi greinar.

Á YAIC er rýnt í hvernig viðskipti og dreifileiðir skapandi greina eru að þróast. Þetta er eina ráðstefnan í þessum efnunum á Íslandi þar sem listir og efnisgerð er skoðuð í samhengi við tæknipróun. YAIC er ætlað að auðvelda þeim sem starfa í skapandi greinum á Íslandi að mynda tengsl við þá sem eru fremstir á

alþjóðavettvangi í menningarviðskiptum og markaðssetningu og um leið að fræðast um það framsæknasta sem er að gerast í þessum efnunum.

